

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 13 – 15
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2010

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um lækkun raforkukostnaðar til garðyrkjubænda, 193. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Samtökin leggja til að tillagan taki til atvinnustarfsemi almennt. Horft verði til notkunarmynsturs raforku en ekki til hvers orkan er notuð. Ef gerðar verða breytingar á kerfinu fara samtökin fram á að það sé gert á almennum grunni sem gagnast öllum notendum sem svipað hagar til um.

Raforka er undirstaða ýmissar framleiðslu hérlendis hjá stórum og smáum fyrirtækjum og skiptir raforkuverð verulegu máli í rekstri þeirra. Full ástæða er til að skoða almennt hvernig lagaumhverfið hentar hefðbundnum framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum, með það fyrir augum að auka sveigjanleika innan kerfisins fyrir slíka notendur. Það á einkum við um flutning og dreifingu sem vegur þungt í heildarorkuverði.

Raforkulögin frá árinu 2003 eiga að tryggja að ekki sé mismunandi verð eftir því til hvers rafmagn er notað. Horft skal til notkunarmynsturs og staðsetningu kaupanda. Ekki á að skipta máli hvort verði sé að rækta grænmeti, ala fisk, framleiða skyr eða smíða úr tré eða málmum. Samtökin beina því til nefndarinnar að forðast slíka mismunun. Því leggja samtökin það til að þingsályktunartillagan taki til raforkukostnaðar fyrir atvinnustarfsemi. Ef talin er ástæða til að breyta kerfinu fara samtökin fram á að breytingarnar verði almennar og gangist öllum notendum sem svipað hagar til um.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins